



ÁRSSKÝRSLA 2002



RARIK
lifandi afl

Efnisyfirlit

Stjórnskipurit RARIK 2002	4
Formáli	5
Rekstraryfirlit	8
Ársfundur 2002	9
Fjármál	10
Orkuviðskipti	12
Framkvæmdir	14
Öryggismál	17
Starfsmannamál og fleira	19
Virkjanaáform	21
Ársreikningur	23-34
Áritun stjórnenda	24
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26 - 27
Sjóðstreymi	28
Skýringar	29 - 34
English Summary	35



Stjórn RARIK fram að ársfundi í maí 2002 var þannig skipuð:

Sveinn Þórarinnsson, formaður
Árni Johnsen
Benoný Arnórsson
Ingibjörg Sigmundsdóttir
Pálmi Jónsson
Stefán Guðmundsson
Sveinn Ingvarsson

Á ársfundinum 2002 tók Einar Oddur Kristjánsson sæti í stjórn í stað Árna Johnsen. Stjórn RARIK 2002-2003 er því þannig skipuð:

Sveinn Þórarinnsson, formaður
Benoný Arnórsson
Einar Oddur Kristjánsson
Ingibjörg Sigmundsdóttir
Pálmi Jónsson
Stefán Guðmundsson
Sveinn Ingvarsson

Árið 2002 var Rafmagnsveitum ríkisins að mörgu leyti hagfellt. Rekstrartekjur jukust um 8,4% frá fyrra ári á sama tíma og aukning rekstrargjalda var 6,5%, enda jókst rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld um 16,7%. Hagnaður ársins var um 110 mkr. sem er bati um tæpar 500 mkr. frá fyrra ári. Þessa miklu afkomusveiflu má að verulegu leyti þakka hagstæðri gengisþróun auk hagræðingar í almennum rekstri.

Í þeim breytingum sem nýsamþykkt raforkulög boða á starfsemi raforkumarkaðarins felast bæði ógnanir og tækifæri fyrir þau fyrirtæki sem á markaðnum starfa. Miklu máli skiptir að nýta tækifærin sem bjóðast til hins ýtrasta þannig að lögin nái markmiði sínu um að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla atvinnulíf og byggð í landinu. Ekki er á þessari stundu unnt að fullyrða að svo megi verða vegna allra þeirra lausu enda sem enn eru óhnýttir í sambandi við þessar breytingar. Kemur þar margt til.

Í fyrsta lagi er eitt aðalatriði breytinganna ófrágengið, en það er útfærsla á fyrirkomulagi orkuflutnings fyrir raforkumarkaðinn. Það verkefni bíður úrlausnar 19 manna nefndar, sem skila skal tillögum að lagafrumvarpi um þetta efni fyrir árslok. Í raun og veru má segja að flutningskerfið sé þungamiðja þeirrar hugmyndafræði að skapa skilyrði fyrir samkeppni á orkumarkaði.

Flutningskerfið er þjóðbraut orkunnar um landið og á að tengja saman virkjanir úr öllum landshlutum við markað eða notkunarstað orkunnar um land allt. Á þann hátt verða allir aðilar markaðarins samtengdir og þurfa því að taka þátt í kostnaði við hið sameiginlega flutningskerfi. Því er það grundvallaratriði að flutningsgjaldskráin verði þannig úr garði gerð að fyrir hinn nauðsynlega og óhjákvæmilega markaðsaðgang verði ævinlega greidd hæfileg og réttlát þóknun, hvort sem menn nýta sér hann eða ekki.

Það er meginatriði við þessar breytingar að ákveðin orkufyrirtæki geti ekki eignað sér markað eða markaðshluta eða geti á einhvern hátt einangrað sig frá öðrum hlutum markaðarins. Öllum framleiðendum á að vera gert kleift að selja orku hvert á land sem er. Hitt er annað mál að flæði orkunnar samkvæmt samningi milli kaupanda og seljanda verður aldrei það sama og hið eðlisfræðilega flæði rafeindanna um kerfin.

Þannig mun t.d. orkukaupandi í Grindavík sem kýs að eiga viðskipti við Andakílsárvirkjun fá rafeindir sínar frá virkjuninni í Svartsengi þó svo sú virkjun hafi gert samning um orkusölu við kaupanda í Borgarnesi. Það sem merkilegra er að út frá kostnaðarsjónarmiði skiptir slíkt ekki máli.

Í þessu sambandi er unnt að líkja viðskiptum við tjörn þar sem sumir hella sífellt vatni í tjörnina og aðrir ausa upp úr henni. Staðsetning þessara aðila við bakka tjarnarinnar skiptir engu máli varðandi kostnaðinn. Lykillinn að viðskiptum af þessum toga er því að sjálfsögðu flutningskerfið, þjóðbraut viðskiptanna.

Samkvæmt þessari grundvallarhugsun laganna þurfa allir notendur flutningskerfisins að greiða hlutdeild sína fyrir alla þætti þess, ekki einvörðungu fyrir þann þátt sem þeir raunverulega telja sig nota hverju sinni. Ef menn eru ekki samþykki þessu eru þeir mótfallnir þeim breytingum sem verið er að gera á hinum almennu leikreglum markaðarins. Þessu má líkja við fjármögnun vegakerfisins. Sá sem ekur einvörðungu milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur allt sitt líf er nauðbeygður



Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri á ársfundi 2002

...Samkvæmt þessari grundvallarhugsun laganna þurfa allir notendur flutningskerfisins að greiða hlutdeild sína fyrir alla þætti þess, ekki einvörðungu fyrir þann þátt sem þeir raunverulega telja sig nota hverju sinni...

Formáli

...Það er með öllu ólíðandi fyrir viðskiptavini RARIK að þeir einir hafi þurft að jafna dreifingarkostnaði raforku til strjálbýlis á orkuveitusvæði RARIK. Því er lítið til starfs og niðurstöðu nefndarinnar með von um farsæla lausn þess máls eftir margra áratuga baráttu...

...er að því stefnt að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag samkvæmt frumvarpi til laga þar um, sem gert er ráð fyrir að lagt verði fyrir Alþingi í haust. Það hefur lengi verið kappsmál Rafmagnsveitnanna að ná fram þessari breytingu enda hefur hlutafélagafarmið marga kosti umfram núverandi rekstrarform...

að taka þátt í fjármögnun vegaf framkvæmda út um allt land.

Í öðru lagi má nefna að annað meginhlutverk 19 manna nefndarinnar er að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku. Hér er vissulega um grundvallaratriði að ræða og mikið réttlætismál, sem Rafmagnsveiturnar hafa hvatt til lausnar á í gegnum árin. Það er með öllu ólíðandi fyrir viðskiptavini Rafmagnsveitnanna að þeir einir hafi þurft að jafna dreifingarkostnaði raforku til strjálbýlis á orkuveitusvæði RARIK. Því er lítið til starfs og niðurstöðu nefndarinnar með von um farsæla lausn þess máls eftir margra áratuga baráttu.

Í þriðja lagi vantar enn þær reglugerðir sem boðað er í lögunum að gefa skuli út. Margar þeirra snerta grundvallaratriði í framkvæmd laganna og skiptir því verulegu máli að vel til takist við samningu þeirra. Má þar t.d. nefna reglugerð um gjaldskrárvæði, en gert er ráð fyrir því í lögunum að dreifiveituvæði einstakra rafveitna megi skipta upp í aðgreind ótiltekin afmörkuð svæði, hvert með sína sjálfstæðu gjaldskrá. Fyrirtæki eins og RARIK getur hugsanlega þurft að halda sérstaklega utan um rekstur margra slíkra svæða í bókhaldi sínu.

Þetta atriði hafa Rafmagnsveiturnar gagnrýnt, enda mun það kalla á mikið skrifræði sem vandséð er að svari kostnaði. Þá má nefna reglugerð um leyfisveitingar, um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna, þ.m.t. gjaldskrá þeirra, um viðskipti með raforku, um eftirlit Orkustofnunar og kröfur um innra eftirlit, um bókhaldslegan aðskilnað og loks um ábyrgðartryggingar auk þess sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Þó hér sé ekki allt upp talið er ljóst að margt er enn á huldu um endanlega útfærslu þessara breytinga.

RARIK hefur að undanförmu velt því fyrir sér hvernig skipulag henti fyrirtækinu best í ljósi breytinga á rekstrarumhverfi þess. Á þessum vettvangi hefur áður verið á það bent að við skipulagsbreytingu verði að taka sérstakt tillit til þeirra krafna sem liggja fyrir um bókhaldslegan aðskilnað lykilþátta í starfsemi fyrirtækisins, enda er rökrétt að saman fari vald og ábyrgð bæði í fjárhagslegu og tæknilegu tilliti. Því liggur nokkuð beint við að meginlínur hins nýja skipulags verði í samræmi við kröfur um skiptingu þess í samkeppnisvið og einkaleyfissvið.

Hins vegar er mjög mikilvægt að hagkvæmni stórrekstrar fái notið sín og að sú sérfræðilþekking sem fyrirtækið býr yfir verði sem flestum deildum þess aðgengileg. Þess vegna hefur sú stefna verið mótuð að byggja upp sameiginlegar stoð- og þjónustudeildir sem selja aðaldeildum þjónustu sína á markaðstengdu verði. Slíkt fyrirkomulag á að tryggja skýra bókhaldslega afkomu allra deilda fyrirtækisins. Samhliða þessum skipulagsbreytingum er að því stefnt að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag skv. frumvarpi til laga þar um, sem gert er ráð fyrir að lagt verði fyrir Alþingi í haust.

Það hefur lengi verið kappsmál Rafmagnsveitnanna að ná fram þessari breytingu enda hefur hlutafélagafarmið marga kosti umfram núverandi rekstrarform og hentar fyrirtækinu betur ekki síst í ljósi aukinnar markaðsvæðingar.

Við setningu nýrra orkulaga er athyglisvert að velta upp þeirri framtíðarsýn sem í hinum nýju leikreglum felst. Hvernig mun hinn íslenski raforkumarkaður þróast næstu 10-20 árin? Mun samkeppni raunverulega aukast og hagur orkukaupandans vænkast? Eða verður

Þróunin í átt til frekari fákeppni þar sem stóru markaðssvæðin á SV horninu búi við margfalt betri skilyrði en aðrir landsmenn?



Það er skoðun Rafmagnsveitnanna að frekari samruni dreifikerfa verði óhjákvæmilegur vegna aukinna krafna um meira rekstrarhagræði og hagkvæmni í rekstri. Út frá byggðasjónarmiðum er það grundvallaratriði að sterkt og kröftugt orkufyrirtæki landsbyggðarinnar geti orðið stóru orkufyrirtækjunum á SV landi öflugt mótvægi. Rafmagnsveiturnar telja sig vera að búa í haginn til þess að þær verði slíkt fyrirtæki í framtíðinni.

...út frá byggðasjónarmiðum er það grundvallaratriði að sterkt og kröftugt orkufyrirtæki landsbyggðarinnar geti orðið stóru orkufyrirtækjunum á SV landi öflugt mótvægi. ...





Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri

REKSTRARYFIRLIT 2002



TEKJUR

- Smásala raforku
- Smásala á heitu vatni
- Raforkusala til almenningsveitna
- Aðrar tekjur
- Fjárm.tekjur umfram fjárm.gjöld



ÁRSFUNDUR

Á ársfundi RARIK, sem haldinn var á Akureyri miðvikudaginn 29. maí 2002, var fjallað um rekstur fyrirtækisins á liðnu ári, stöðu þess og horfur til framtíðar. Á fundinum var ítarleg grein gerð fyrir afkomu ársins 2001 og helstu þáttum í starfsemi þess.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, ávarpaði fundinn. Í ávarpi sínu fjallaði hún um hlutverk RARIK í nútíð og fortíð og ræddi þær skipulagsbreytingar sem framundan eru í orkumálum landsins. Hún lagði áherslu á að efla bæri starfsemi RARIK svo fyrirtækið gæti betur mætt nýjum tímum. Sveinn Þórarinnsson, stjórnarformaður, gerði að umtalsefni styrk fyrirtækisins og mikilvægi þess að efla raforkustarfsemi á landsbyggðinni.

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri, flutti skýrslu um starfsemi liðins árs og fjallaði ítarlega um þau tímamót sem nú væru í rekstri fyrirtækisins. Hann gerði að sérstöku umtalsefni það brautryðjendastarf sem RARIK hefði unnið á Norðurlandi eystra og rakti stuttlega sögu rafvæðingar í



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra
á ársfundi 2002

ORKUVINNSLA VATNSAFLSSTÖÐVA


	Uppsett afl kW	2001 Orkuvinnsla MWh	2002 Orkuvinnsla MWh	'01 - '02 Aukning orkuvinnslu
Rjúkandavirkjun	840	7.772	7.943	2,2%
Laxárvatnsvirkjun	480	1.932	2.803	45,1%
Gönguskarðsárvirkjun	1.064	7.300	8.310	13,8%
Skeiðsfossvirkjun	4.800	25.742	25.049	-2,7%
Garðsárvirkjun	174	780	737	-5,5%
Lagarfossvirkjun	7.500	58.875	59.778	1,5%
Fjarðarselsvirkjun	160	0	0	
Grímsárvirkjun	2.800	20.874	20.544	-1,6%
Smyrlabjargaárvirkjun	1.000	9.613	10.681	11,1%
Alls	18.818	132.888	135.845	2,2%

ORKUVINNSLA VARMAAFLSSTÖÐVA

	Uppsett afl kW	2001 Orkuvinnsla MWh	2002 Orkuvinnsla MWh	'01 - '02 Aukning orkuvinnslu
Vesturland	6.418	77	87	13,0%
Norðurland vestra	4.960	26	39	50,0%
Norðurland eystra	5.856	750	767	2,3%
Austurland	20.604	213	385	80,8%
Suðurland	2.237	49	27	-44,9%
Alls	40.075	1.115	1.305	17,0%

ORKUVINNSLA JARÐHITA

	Uppsett afl kW	2001 Orkuvinnsla MWh	2002 Orkuvinnsla MWh	'01 - '02 Aukning orkuvinnslu
Skútudalur Siglufirði	6.600	23.441	26.056	11,2%
Alls	6.600	23.441	26.056	11,2%



fjórðungnum. Þá gat hann þess að fyrir Alþingi lægju nú þrjú frumvörp til laga, sem myndu gerbreyta rekstrarumhverfi fyrirtækisins til hins betra, ef þau hlutu samþykki þingsins.

Þar er í fyrsta lagi frumvarp til raforkulaga, sem verið hefur í undirbúningi hjá iðnaðarráðuneyti um allnokkra hríð. Í öðru lagi frumvarp um að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag og í þriðja lagi frumvarp um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku. Með hinu síðastnefnda frumvarpi hillir undir lausn á málefni, sem verið hefur mikið baráttumál fyrirtækisins um langan aldur. Með samþykki þess munu allir landsmenn taka þátt í jöfnun kostnaðar við að flytja og dreifa raforku um landsins strjálu byggðir, en ekki einvörðungu íbúar á orkuveitusvæði þessa eina fyrirtækisins.

Að lokum hélt Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, fróðlegt erindi, sem hann nefndi Háskóli, atvinnulíf og landsbyggð. Í erindi sínu lagði hann m.a. áherslu á áhrif staðsetningar Háskólans á menntun og atvinnu í strjálbýlinu.

Sú breyting varð á stjórn að Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður kom í stað Árna Johnsen, en að öðru leyti er stjórnin þannig skipuð:

Sveinn Þórarinnsson, formaður, Benóný Arnórsson, Einar Oddur Kristjánsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Pálmi Jónsson, Stefán Guðmundsson og Sveinn Ingvarsson.

FJÁRMÁL


Starfsemi RARIK gekk á margan hátt vel á árinu 2002. Afkoman var mun betri en á árinu 2001 sem stafar að mestu af því að gengishagnaður vegna erlendra lána fyrirtækisins var talsverður.

Rekstrartekjur á árinu 2002 námu liðlega 5,8 miljörðum króna á móti tæplega 5,4 miljörðum á árinu 2001 og er hækkunin um 8,4%. Rekstrargjöld hækkuðu hins vegar hlutfallslega nokkru minna en tekjurnar eða úr tæplega 4,4 miljörðum króna í ríflega 4,6 miljarða á árinu 2002 sem er 6,4% hækkun milli ára. Framlegð rekstrarins, þ.e. rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti, hækkaði því hlutfallslega nokkuð meira en veltan eða um 16,7% milli ára.

Afskriftir á árinu 2002 námu um 1.156 mkr. sem er um 100 mkr. hærrí fjárhæð en á síðasta ári. Meginskýringin á þessari hækkun afskrifta er sú að á árinu 2002 var gert sérstakt átak til að taka út úr eignagrunninum bæði stofnlínur og dreifilínur kringum allt land sem ekki voru lengur í notkun.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam tæpum 24 mkr. á árinu 2002 samanborið við rekstrartap að fjárhæð 42 mkr. á árinu 2001. Hrein fjármagnsgjöld breytast mjög mikið milli ára. Á árinu 2002 var þessi fjárhæð jákvæð eða 86 mkr. samanborið við 338 mkr. neikvæða fjárhæð á árinu 2001. Þarna munar 424 mkr. sem skýrir að stærstum hluta afkomubreytingu fyrirtækisins í heild. Ástæðan er gengishækkun íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt á árinu 2002 en jákvæður gengismunur vegna erlendu lánanna var um 240 mkr. á árinu 2002 en var neikvæður um 277 mkr. á árinu 2001.

Niðurstaða rekstrarreiknings 2002 er því mun betri en á árinu 2001 eða hagnaður að fjárhæð tæplega 110 mkr. samanborið við 380 mkr. tap á árinu 2001. Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé 10.860 mkr. í





Frá ársfundi RARIK á Akureyri í maí 2002

árslok 2002 og er eiginfjárlutfallið 71%. Heildareignir í árslok 2002 námu 15.344 mkr. á móti 15.543 mkr. í árslok 2001.

Óefnislegar eignir voru samtals rúmar 149 mkr. í árslok, þ.e. viðskiptavild sem nam 139 mkr. og langtímakostnaður upp á liðlega 10 mkr.

Vegna breyttra reikningsskilaaðferða eru varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2001 ekki endurmetnir á árinu 2002 eins og áður hafði verið gert. Bókfært verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2002 er samtala bókfærðs verðs þeirra í árslok 2001 að viðbættum fjárfestingum á árinu 2002 og að frádregnum afskriftum ársins og eignum sem eru færðar út vegna sölu. Varanlegir rekstrarfjármunir námu tæplega 13.599 mkr. í árslok 2002 samanborið við 13.811 mkr. í árslok 2001. Varanlegir rekstrarfjármunir eru langstærsti hluti eigna fyrirtækisins eða 88,6% heildareigna.

Áhættufjármunir sem metnir eru á kostnaðarverði námu tæpum 96 mkr. í árslok 2002 og hækkuðu lítillega milli ára en þeir námu um 94 mkr. í árslok 2001.

Veltufjármunir þ.e. efnisbirgðir, skammtímakröfur og handbært fé, námu samtals 1.500 mkr. í árslok eða mjög svipaðri fjárhæð og á síðasta ári en í árslok 2001 námu veltufjármunir samtals 1.471 mkr. Á árinu var tekið nýtt langtímalán hjá Norræna fjárfestingabankanum að fjárhæð 776 mkr. sem notað var til að greiða upp skammtímalán. Afborganir af löngum lánum námu 178 mkr. á árinu.


Verðbætur sem færðar voru til gjalda og til hækkunar á láni við lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins námu 29 mkr. Gengishagnaður sem færður var til tekna og til lækkunar á erlendu lánunum nam 238 mkr. Eins og áður hefur komið fram er þessi mikli umsnúningur á gengi íslensku krónunnar helsta skýringin á afkomu-breytingu fyrirtækisins frá 2001 til 2002.

Í árslok 2002 voru skammtímaskuldir 1.005 mkr. eða mun lægri fjárhæð en í lok ársins 2001 en þá námu skammtímaskuldir 1.511 mkr. Veltufjárlutfallið í árslok 2002 er því mun betra en í árslok 2001 eða 1,49 samanborið við 0,97 í árslok 2001.


Bókfært eigið fé RARIK er 10.860 mkr. í árslok 2002 samanborið við 10.964 mkr. í árslok 2001. Eigið fé hefur því lækkað um 104 mkr. á árinu sem skýrist af því að arður samkvæmt fjárlögum sem kemur til lækkunar á eigin fé nemur 214 mkr. á móti hagnaði ársins að fjárhæð 110 mkr. sem kemur til hækkunar.

EIGNIR 2002


15.344 mkr



- Virkjanir
- Aðalorkuveitur
- Dreifiveitur
- Rekstrarfjármunir
- Veltufjármunir
- Aðrar eignir



Notkunarsvið	GWh	%
Heildsala	219	19%
Hitun	275	23%
Vélar	291	25%
Markmæling	136	12%
Almenn notkun	162	14%
Eigin notkun og tap	86	7%
Samtals	1.169	100%



Notkunarsvið	GWh	%
Smásala raforku	815	70%
Heitt vatn	49	4%
Heildsala	219	19%
Eigin notkun og tap	86	7%
Samtals	1.169	100%

ORKUVIÐSKIPTI

Orkuöflun RARIK er í býsna föstum skorðum og engin ný framleiðslutæki komu til á árinu. Eigin vinnsla sveiflast alltaf nokkuð milli ára en vegur um það bil 14%.

Árið 1992 kom síðasta virkjun RARIK að fullu inn sem framleiðslutæki, Skeiðsfossvirkjun, sem RARIK keypti árið áður. Á þeim ellefu árum sem liðin eru síðan, 1992-2002, er meðalvinnslan í RARIK-virkjununum 127,7 GWh. Met í raforkuvinnslu var slegið á árinu með 135,9 GWh vinnslu sem er sú mesta frá upphafi.


Heildsala RARIK minnkaði enn á árinu með kaupum fyrirtækisins á Rafveitu Sauðárkróks, en sú sala færðist yfir í smásölu. Þessi tilfærsla sýnir samanburð heildsölu og smásölu milli ára, en á heildina litið var góð magnaukning í raforkusölu á árinu eða yfir 4%.

Landsvirkjun hækkaði gjaldskrá sína um 3% 1. ágúst og í kjölfarið hækkaði gjaldskrá RARIK einnig um 3%. Ekki urðu umtalsverðar

ORKUNOTKUN Á ÍBÚA

Land	Íbúafjöldi		Orkusala kWh á íbúa	
	2001	2002	2001	2002
Vesturland	8.932	8.927	14.784	15.119
Norðurland vestra	6.763	9.213	12.114	13.104
Norðurland eystra	8.575	8.638	15.397	15.922
Austurland	11.176	11.130	20.924	23.284
Suðurland	11.028	11.056	14.868	15.570
Samtals	46.474	48.964	16.005	16.839

ORKUFLÆÐI RARIK 2002



breytingar á gjaldskrárformi á árinu utan að nýr tímaháður taxti var tekinn upp fyrir garðyrkjuhlýsingu.

Nokkrar breytingar urðu á viðskiptaháttum hjá RARIK á árinu. Gert var átak í að auka rafrænar greiðslur sem skilaði töluverðum árangri. Hafinn var rekstur á orkutorg.is sem er sameiginlegur vefur margra orkuveitna þar sem viðskiptavinir geta skoðað orkureikninga sína og fleira. Tekið var upp seðilgjald á A-giroseðla og reikningstíðni breytt yfir í mánaðarlega reikninga.

Ný lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar tóku gildi á vormánuðum og var veruleg vinna unnin hjá RARIK á árinu af því tilefni.

ORKUÖFLUN OG SALA					
	2001		2002		'01-'02
	MWh	%	MWh	%	Aukn.
Aðkeypt raforka	975.273	85,9%	1.005.448	86,0%	3,1%
Landsvirkjun forgangorka	786.233	69,2%	791.151	67,7%	0,6%
Landsvirkjun ótryggð orka R/O	34.331	3,0%	34.634	2,9%	0,9%
Landsvirkjun ótryggð orka önnur	123.240	10,9%	148.133	12,7%	20,2%
Andakílsárvirkjun	30.609	2,7%	30.385	2,6%	-0,7%
Smávirkjanir	860	0,1%	1.145	0,1%	33,1%
Eigin vinnsla	159.785	14,1%	163.734	14,0%	2,5%
Vatnsaflstöðvar raforka	132.888	11,7%	135.845	11,6%	2,2%
Varmaaflstöðvar raforka	1.115	0,1%	1.305	0,1%	17,0%
Kyndistöðvar (R/O) heitt vatn	2.341	0,2%	528	0,1%	-77,4%
Jarðvarmastöðvar (áætlun)	23.441	2,1%	26.056	2,2%	11,2%
Orkuöflun v/raforkusölu	1.074.945	94,7%	1.107.964	94,8%	3,1%
Orkuöflun v/hitaveitna	60.113	5,3%	61.218	5,2%	1,8%
Orkuöflun alls	1.135.058	100,0%	1.169.182	100,0%	3,0%
Raforka					
Orkuöflun	1.074.945	100,0%	1.107.964	100,0%	3,1%
Par af aðkeypt	940.942	87,5%	970.814	87,6%	3,2%
Par af eigin vinnsla	134.003	12,5%	137.150	12,4%	2,3%
Orkusala	990.523	92,1%	1.033.962	93,3%	4,4%
Heildsala	251.103	23,4%	218.900	19,7%	-12,8%
Smásala	739.420	68,7%	815.062	73,6%	10,2%
Tap og eigin notkun	84.422	7,9%	74.002	6,7%	-12,3%
Heitt vatn					
Orkuöflun	60.113	100,0%	61.218	100,0%	1,8%
Par af aðkeypt	34.331	57,1%	34.634	56,6%	0,9%
Par af eigin vinnsla	25.782	42,9%	26.584	43,4%	3,1%
Orkusala	48.437	80,6%	49.308	80,5%	1,8%
Smásala R/O veitur	27.739	46,2%	27.038	44,1%	-2,5%
Smásala, jarðhitaveitur, áætluð orka	20.698	34,4%	22.270	36,4%	7,6%
Tap og eigin notkun	11.676	19,4%	11.910	19,5%	2,0%
Orkuviðskipti					
Orkuöflun alls	1.135.058	100,0%	1.169.182	100,0%	3,0%
Orkusala alls	1.038.960	91,5%	1.083.270	92,7%	4,3%
Tap og eigin notkun alls	96.098	8,5%	85.912	7,3%	-10,6%

SMÁSALA			
skipting eftir umdæmum			
Rafmagn	2001	2002	Aukn.
	MWh	MWh	%
Vesturland	132.052	134.970	2,2%
Norðurland vestra	81.926	120.731	47,4%
Norðurland eystra	132.029	137.538	4,2%
Austurland	233.847	259.146	10,8%
Suðurland	163.959	172.140	5,0%
Reikningsfært	743.814	824.525	10,9%
Óreikningsfært	-4.394	-9.463	
Samtals	739.420	815.062	10,2%
Heitt vatn	MWh	MWh	%
Norðurl. v. jarðhiti	19.322	23.096	19,5%
Austurland R/O	27.960	28.742	2,8%
Reikningsfært	47.282	51.838	9,6%
Óreikningsfært	1.155	-2.530	
Samtals	48.437	49.308	1,8%


RAFORKUSMÁSALA							
<i>skipting reikningsfærðrar raforkusmásölu eftir töxtum</i>							
	2001 MWh	2002 MWh	Aukning 2001-2002	Hlutdeild magns	Meðalverð m/vsk 2001 kr/kWh	Meðalverð m/vsk 2002 kr/kWh	Verðbreyting 2001-2002
Almenn notkun	129.928	144.638	11,3%	17,5%	10,21	10,55	3,4%
Utanhússlýsing	7.272	7.546	3,8%	0,9%	12,97	13,84	6,7%
Sumarbústaðir	31.066	34.631	11,5%	4,2%	6,98	7,35	5,3%
Markmæling	131.475	136.939	4,2%	16,6%	4,38	4,54	3,7%
Aflmæling	180.555	191.263	5,9%	23,2%	7,01	7,35	4,8%
Hitun heimila	141.192	149.583	5,9%	18,1%	2,38	2,58	8,6%
Næturrhitun heimila	686	828	20,8%	0,1%	1,55	1,68	8,5%
Rofin daghitun	38.574	42.459	10,1%	5,1%	5,06	5,24	3,6%
Næturrhitun	2.984	3.385	13,4%	0,4%	3,29	3,40	3,4%
Órofin hitun	2.763	2.601	-5,9%	0,3%	6,39	6,61	3,4%
Ýmsir	77.320	110.650	43,1%	13,4%	3,02	2,61	-13,5%
Samtals	743.814	824.525	10,9%	100,0%	5,74	5,87	2,3%

HEILDSALA

	2001		2002		'01 - '02 Aukning orku
	Selt afl kW	Seld orka MWh	Selt afl kW	Seld orka MWh	
Forgangorka	22.290	171.015	19.670	152.464	-10,8%
Rafveita Sauðárkróks *	2.700	17.950	0	0	-100,0%
Orkuveita Húsavíkur	400	6.861	400	6.983	1,8%
Rafveita Reyðarfjarðar	2.100	13.660	2.100	13.980	2,3%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	5.500	41.694	5.279	42.491	1,9%
Selfossvetur bs.	5.050	39.113	5.041	39.398	0,7%
OR (Akranesveita 2001)	6.150	49.683	6.450	47.612	-4,2%
Sleitustaðavirkjun		72		17	-76,4%
Orkubú Vestfjarða	390	1.982	400	1.983	0,1%
Ótryggð orka		80.088		66.436	-17,0%
Selfossvetur bs.		9.668		10.969	13,5%
Bæjarveitur Vestmannaeyja		51.362		54.496	6,1%
Hitaveita Rangæinga **		1.910		0	-100,0%
Rafveita Sauðárkróks *		16.101		0	-100,0%
Rafveita Reyðarfjarðar		1.047		971	-7,3%
Heildsala		251.103		218.900	-12,8%

* Með kaupum RARIK á RS færðist þessi sala frá heildsölu í smásölu.

** Breytt flokkun, flokkað 2002 með smásölu.



FRAMKVÆMDIR

Stöðug fjölgun sumarhúsa á Suður- og Vesturlandi og endurnýjun háspennukerfis þar sem jarðstrengir koma í stað loftlína voru ráðandi þættir í framkvæmdum síðasta árs, eins og mörg undanfarin ár. Loftlínur fækkar stöðugt og með jarðstrengjum kemur sjálfkrafa þrífösun þar sem hennar er vænt.

Á Vesturlandi voru lagðir 20,5 km af háspennustreng vegna sveitarstyrkingar og sumarhúsaverkefna. Teknir voru niður samtals 13 km af háspennulínur. Nýtt spennistöðvarhús sett upp á Varmalandi í tengslum við væntanlega strenglögnað Bifröst og einnig var lagður háspennustrengur frá Álfvatni að Glaumbæ í Staðarsveit. Tengdar voru

HEIMTAUGAR OG SALA


	<i>Raforkusmásala í GWh</i>		<i>Heimtaugafjöldi</i>	
	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>
Vesturland	132	135	4.658	4.812
Norðurland vestra	82	121	3.140	4.081
Norðurland eystra	132	138	3.686	3.719
Austurland	234	259	4.815	4.874
Suðurland	164	172	6.322	6.674
Samtals	744	825	22.621	24.160



154 nýjar heimtaugar á árinu og lokið var við dreifikerfisbreytingar á Arnarstapa og þrífösun að Hellnum. Auk þess var unnið að hefðbundnu viðhaldi og endurbótum víða í umdæminu, m.a. sett upp ný spennistöð í iðnaðarhverfi í Borgarnesi.

Á Norðurlandi vestra tók RARIK við rekstri dreifikerfis á Sauðárkróki á árinu og við það jókst umfang dreifikerfis verulega auk þess sem við bættust fjölmargir nýir viðskiptavinir. M.a. fjölgaði þá um 19 spennistöðvar, um 12 km af háspennustrengjum, um 830 heimtaugar og um 1000 götuljósastaura. Plægðir voru tæpir 19 km af háspennustreng frá Laxárvatni til Sveinsstaða til þess að leysa af hólmi 33 kV línu sem hingað til hefur þjónað Vatnsdal, Þingi, Víðidal og Vestur-Hópi. Strengurinn verður einnig notaður sem dreifilína fyrir hluta Torfalækjarhrepps. Auk þess voru lagðir rúmírir tveir km af streng í Hraunadal sem endurnýjun hluta Siglufjarðarlínu.





DREIFIKERFI

	Fjöldi aðveitustöðva		Háspennukerfi í km	
	2001	2002	2001	2002
Vesturland	8	8	1886	1892
Norðurland vestra	10	10	1333	1333
Norðurland eystra	13	13	1479	1481
Austurland	23	23	1626	1644
Suðurland	12	12	2178	2192
Samtals	66	66	8.502	8.542

Á Norðurlandi eystra voru lagðir um 40 km af háspennnum jarðstrengjum á árinu. Lengsti strengurinn var strengur frá aðveitustöð Þórshöfn að steypustöð við Gunnólfsvík í Bakkafirði, 8,3 km. Strengurinn kemur í stað TVJ línu frá Brúarlandi í Pistilfirði yfir í Bakkafjörð sem rifin verður á árinu 2003. Í kjölfar strenglagningar frá Þórshöfn til Bakkafjarðar og í Pistilfjörð var aðveitustöðin á Brúarlandi aflögð og verður húsnæði stöðvarinnar selt.

Meðal annarra framkvæmda má nefna að samfara endurnýjun var þrífasað fram Reykjadal með 8 km löngum streng og í Köldukinn var lagður 5,5 km langur strengur milli Þóroddsstaða og Ljósveitningabúðar og um 3,5 km í grennd við Laxárvirkjun.

Á árinu var lokið smíði nýrrar rofastöðvar í Mývatnssveit og hún tekin í notkun. Stöðin er á lóð Kísiliðjunnar og leggjast af tvær eldri stöðvar með tilkomu hennar, annars vegar rofastöð við Kísiliðjuna og hins vegar aðveitustöð í Reykjahlíð. Ekki tókst að leggja niður gömlu aðveitustöðina í Reykjahlíð á árinu þar sem ekki lágu fyrir tilskilin leyfi frá landeigendum fyrir nauðsynlegum strengjum í tæka tíð. Þær framkvæmdum lýkur 2003 og verður húsnæðið selt.

Á árinu var unnið að undirbúningi og mælingum vegna fyrirhugaðs jarðstrengs milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, frá aðveitustöð við Dalvík að Drangaskarði. Strengurinn kemur í stað núverandi háspennulínu sem verður fjarlægð.

Miklar bilanir voru í dísilvélum í Grímsey. Allar þrjár vélarnar biluðu, tvær voru teknar upp með misjöfnum árangri og ein var úrskurðuð ónýtt. Mjög er orðið aðkallandi að endurnýja vélarnar.

Stærsta framkvæmdin á Austurlandi var plægning á háspennustreng frá Smyrlabjargaárvirkjun austur að Hornafjarðarfljóti alls 19 km. Ákveðið var að geyma síðasta áfangann frá Hornafjarðarfljóti að aðveitustöðinni að Hólum þar til ný brú er komin á fljótið. Það er talið mjög erfitt að leggja streng yfir farveginn en áin breiðir sig mjög víða þarna á sandinum í djúpum álum. Samhliða þessari framkvæmd voru allar dreifilínur á milli Smyrlu og Hornafjarðarfljóts lagðar í jörðu, alls 20 km, auk þess sem lagnir að öllum sveitabæum á þessu svæði voru þrífasaðar.

Lagðir voru tæplega 12 km af háspennustreng vegna framkvæmda við jarðgangagerð milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og um 4 km vegna heimtaugar fyrir kaldvatnsholu í Norðfirði og einnig var lögð samskonar heimtaug 2,5 km að hitaveituholu á Eskifirði.

Tvær stórar heimtaugar, önnur 16 MW til SR-Mjöl á Seyðisfirði og 9 MW til Hraðfrystihúss Eskifjarðar voru spennusettar á árinu. Raforka um þessar heimtaugar fer á háspennukatla í fiskimjölsverksmiðjum á hvorum stað en þeir koma í stað olúkatla til gufuframleiðslu. Á Seyðisfirði var



byggt hús yfir aðveitustöðina við hliðina á fiskimjölsverksmiðjunni en á Eskifirði var aðveitustöðin stækkuð um helming.

Helstu endurbætur í innanbæjarkerfum á Austurlandi voru á Djúpvoggi og Vopnafirði auk annarra hefðbundinna viðhaldsverkefna.

Á Suðurlandi voru lagðar 366 nýjar heimtaugar, þar af voru heimtaugar í sumarhús 204. Lagðir voru um 50 km af háspennustrengjum, mest vegna endurnýjunar á loftlínukerfi. Aðrar framkvæmdir voru þær helstar að lagt var dreifikerfi í tvo nýja hverfishluta við Réttarheiði og Kjarrheiði í Hveragerði. Í Þorlákshöfn var lagt dreifikerfi í nýjan hverfishluta sem og á Hellu og Hvolsvelli. Sett var upp 1250 kVA spennistöð hjá Sláturfélagi Suðurlands fyrir 1MW rafskautaketil.

Ný virkjun við Eyvindartungu í Laugardal var tengd á haustdögum við kerfi RARIK samkvæmt sérstökum samningi þar um. Í Reykholtshverfi var bætt við 300 kVA spennistöð og á Flúðum 800 kVA spennistöð fyrir gróðurhúsálýsingu. Hafinn var undirbúningur að byggingu nýrrar aðveitustöðvar á Selfossi.

REKSTRARTRUFLANIR

Rekstrartruflanir í raforkukerfi RARIK voru 1302 á árinu 2002 en hafa verið um 1350 að meðaltali undanfarin fimm ár.(1997 2001).Truflunum vegna viðhalds og viðgerða fjölgaði úr 599 á árinu 2001 í 699 á árinu 2002.Fyrirvaralausum truflunum fór hins vegar enn fækkandi og voru 603 á móti 667 árið 2001 en fyrirvaralausar truflanir hafa verið um 700 að meðaltali undan farin fimm ár.

HANDBÓK OG ÖRYGGI

Handbók Rafmagnsveitna ríkisins er byggð upp samkvæmt ISO 9000 stöðlum, með verklagsreglum og fylgiskjölum, svo sem verklýsingum, verkferlum, eyðublöðum o.s.frv. Handbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum á innra neti fyrirtækisins. Handbókin hefur þróast í tímans rás og með henni er haldið utan um öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins,





auk annarra fylgiskjala tengdum rekstri, svo sem orðsendingar hvers konar og ábendingar um öryggismál.

Verklagsreglur Rafmagnsveitnanna ná yfir víðfeðmt svið allt frá söguágrípi, stefnumótun og skipulagi fyrirtækisins til fjármála, framkvæmda og kerfisreksturs. Fram að þessu hefur megin áherslan verið lögð á öryggisþátt starfsmanna og almennings, búnaðar og afhendingar orku. Öryggisstjórnun fyrirtækisins var tekin út af þriðja aðila á sínum tíma og staðfest af Löggildingarstofu í lok ársins 2000.

Helstu verkefni í vinnslu nú eru endurskoðun á reglum um áætlanagerð, jafnt fjárhags- sem og tæknilegs eðlis, auk þess sem verið er að vinna að verklagsreglum á sviði bókhalds, fjárreiða og innkaupa. Verklagsreglur er varða umhverfismál verða einnig unnar á þessu ári.

Regluleg eftirfylgni í formi úttekta er með því hvort ákvæðum Handbókarinnar er fylgt. Markmiðið með úttektum er að tryggja að verið sé að starfa samkvæmt þeim verklagsreglum sem settar hafa verið um einstök málefni. Eftirfylgnin er tvíþætt: Annars vegar gerir RARIK samninga við skoðunarstofur og hins vegar sinna starfsmenn innan fyrirtækisins úttektum á kerfinu með heimsóknnum á mannaðar starfstöðvar fyrirtækisins. Í öllum tilfellum verða til skýrslur með ábendingum um það sem betur má fara og um það sem vel er gert.

Öryggisstjórnun RARIK byggir á lögum frá 1996 og ákvæðum reglugerðar frá 1998, auk vísunar til verklagsreglna Löggildingarstofu. Til að tryggja fullnustu ákvæða laga og reglugerða gerðu Rafmagnsveitur ríkisins samning við skoðunarstofu um viðhaldsúttekt á öryggisstjórnuninni sem felur í sér að allar verklagsreglur er varða öryggisstjórnun eru teknar út á þremur árum. Skoðunarstofan tekur verklagið út, meðal annars með því að sannreyna verklagið og þekkingu starfsmanna á öryggisstjórnunarkerfinu.

Öryggisstjórnun fyrirtækisins er umfangsmikil og úttekt á henni nær yfir stóran hluta Handbókarinnar. Innri úttektir fyrirtækisins ná til þeirra þátta sem verða útundan í öryggisúttektum, auk þess sem notað er tækifærið og ýmsir aðrir þættir er snerta starfsmenn og fyrirtækið eru reifaðir. Þessar úttektir, eða heimsóknir, eru farnar reglubundið og er miðað við að sækja sem flestar mannaðar starfstöðvar heim á hverju tímabili. Ferlið við innri úttektirnar er áþekkt úttektum skoðunarstofu en

	STARFSMENN		Fjöldi í lok árs	
	Starfsmenn	2001 Stöðugildi	Starfsmenn	2002 Stöðugildi
Reykjavík	55	54	55	54
Vesturland	32	31	33	32
Norðurland vestra	27	26,5	31	30
Norðurland eystra	28	28	27	27
Austurland	51	48,5	49	46,5
Suðurland	26	26	25	25
Alls á rekstrarsvæðunum	164	160	165	160,5
Alls	219	214	220	214,5
Ársverk				
Reykjavík	57		56	
Rekstrarsvæði	161		164	
Ársverk alls	218		220	



þó lögð meiri áhersla á mannlega þáttinn, auk þess sem ávallt er tekið á nokkrum öryggisþáttum, jafnt í verklagi sem útbúnaði og þekkingu.


Ábendingakerfi RARIK má einnig að vissu leyti líta á sem úttekt. Starfsmenn skrá í kerfið um netið ábendingar um það sem betur má fara er varðar gæða-, umhverfis- og öryggismál og geta í framhaldinu fylgst með því hvernig er brugðist við ábendingunum. Í árslok 2002 höfðu 99 ábendingar verið skráðar. Úrvinnsla ábendinga fylgir ströngu kerfi þar sem fyllsta trúnaðar er gætt og árlega eru gerðar skýrslur um helstu niðurstöður liðins árs, auk yfirlits yfir allar ábendingar ársins og afgreiðslu eldri ábendinga. Sérstakur gaumur er gefinn að slysum og tilfellum þegar liggur við slysi. Allar skýrslur hvers árs, en þær eru nú fjórar talsins, eru aðgengilegar starfsmönnum á innra neti RARIK.

ÖNNUR MÁL

Starfsmönnum hefur farið fækkandi á undanförunum árum, aðallega vegna hagræðingar í rekstri og tækninýjunga sem hafa leitt til þess að ekki hefur verið ráðið í stöður sem hafa losnað. Starfsmönnum á Sauðárkróki fjölgaði um fjóra í byrjun árs við kaup fyrirtækisins á dreifikerfi Rafveitu Sauðárkróks.

Fræðslustarf hefur verið með hefðbundnu sniði, öryggis- og skyndihjálparnámskeið auk hefðbundinna fagnámskeiða og fræðslu í liðsefningu.

Evrópska ánægjuvogin er samstarf nokkurra Evrópuþjóða um mælingar á ánægju viðskiptavina og var árið 2002 fjórða árið sem slíkar mælingar eru gerðar. Það var jafnframt fyrsta árið sem mælingar voru gerðar á flokknum “veitur” sem eru símafyrirtæki og rafveitur.





Rafmagnsveiturnar tóku í fyrsta sinn þátt í þessum mælingum undir árslok 2002, en gagnvart rafveitum var mæld ánægja viðskiptavina með þjónustu vegna heimilisrafmagns. Niðurstöður mælinganna voru afar áhugaverðar og hafa þegar verið teknar til hliðsjónar við þróun á þjónustu Rafmagnsveitnanna gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins. Í mælingunum kom meðal annars fram að styrkleiki RARIK að mati viðskiptavina þeirra liggur í áreiðanleika og afhendingaröryggi, en veikleikar fyrirtækisins í verðlagi og persónulegri þjónustu.

Ný heimasíða RARIK var tekin í notkun á árinu og einnig var opnaður þjónustuvefur helstu orkuveitna á Íslandi, orkutorg.is, sem RARIK er aðili að, en markmiðið með stofnun og starfrækslu vefsins er að auka samskipti orkuveitnanna og viðskiptavina þeirra á vettvangi Internetsins. Netorka hf. hannaði og þróaði vefinn og mun fyrirtækið einnig sjá um rekstur hans.

Á Orkutorgi geta viðskiptavinir fyrirtækjanna nálgast allar grunnupplýsingar á einum stað sér að kostnaðarlausu óháð því hvar viðskiptin fara fram. Þannig er hægt að skoða reikninga, þróun í eigin orkunotkun, sækja um boð- og beingreiðslur, senda inn mælaálestur og skoða fyrri álestra, tilkynna um notendaskipti o.fl. Tilkoma Orkutorgsins skapar auk þess fjölmarga möguleika til aukinnar þjónustu. Þar á meðal má nefna úttekt á notkunarmynstri viðskiptavinar, ráðgjöf um bættu orkunýtingu og kostnaðarlækkun o.fl.

22. nóvember 2002 undirrituðu Rafmagnsveitur ríkisins og Form.is samning um rafræna þjónustu fyrir viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna. Nú munu því verktakar og húsbyggjendur geta sent inn heimlagnaumsóknir, þjónustubeiðnir o.fl. beint af netinu.



SUNNLENSK ORKA

Vegna umhverfissjónarmiða fékk Sunnlenskrar orka ekki heimild fyrir lagningu vegslóða inn í Grændal til að bora rannsóknarholur. Var því hafist handa við að afla gagna um svæðið framan við mynni Grændals. Þar var borað fyrir fjórum áratugum og talið vænlegt að rannsaka það svæði betur.

Ráðgjafar Sunnlenskrar orku frá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns og Orkustofnun skiluðu álitserð um möguleika á virkjun svæðisins og gerð var lausleg forhönnun á slíkri virkjun. Af átta holum á svæðinu eru 3 holur sem vonir eru fyrst og fremst bundnar við. Mælingar á hita og þrýstingi í þessum þremur holum sýna, að þær ættu að geta afkastað svipuðu og þær gerðu á sínum tíma nema að þrýstingur hefur lækkað að jafnaði um 4 bör. Búið er að rannsaka útfellingar í holunum og undirbúa boranir til hreinsunar á þeim.

Ákveðið var að hreinsun þessara þriggja hola yrði boðin út og í framhaldi af hreinsun þeirra verða þær láttnar blása til að hægt verði að afkastamæla þær. Þess er vænst að því verki verði lokið í lok júní 2003.

HÉRAÐSVÖTN

Með úrskurði dags. 24. október 2001 féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða virkjun við Villinganes eins og henni er lýst í matskýrslu með eftirfarandi skilyrðum:

1. Lagður verði hliðarlækur sem geri virkjunina fiskgenga í samráði við veiðimálastjóra.
2. Tryggt verði lágmarksrennsli um virkjunina í samráði við veiðimálastjóra.
3. Menningarminjar sem fara undir lón verði rannsakaðar og vegtenging og vinnubúðir í landi Tyrfingsstaða verði staðsettar í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Kærufrestur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar var til 30. nóvember 2001 og bærust tíu stjórnarsýslukærur til umhverfisráðuneytisins. Meðal annars kærðu Héraðsvötn ehf. og kröfðust þess að skilyrði um að lagður verði hliðarlækur sem geri virkjunina fiskgenga verði fellt niður en úrskurðurinn standi að öðru leyti.

Með vísan til laga um mat á umhverfisáhrifum voru framangreindar kærur sendar til umsagnar helstu aðila. Kærendum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsagnir og bærust athugasemdir frá nokkrum aðilum.

Úrskurður umhverfisráðherra lá fyrir þann 5. júlí 2002 og þar segir m.a.: "Eins og að framan greinir telur ráðuneytið að umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar virkjunar við Villinganes sé lýst með fullnægjandi hætti í matskýrslu framkvæmdaaðila. Ráðuneytið telur að fyrirhuguð framkvæmd, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem sem grein er gerð fyrir í úrskurði þessum og annarra skilyrða sem sett voru í úrskurði Skipulagsstofnunar, muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Er það niðurstaða ráðuneytisins að staðfesta beri hinn kærða úrskurð með þeim skilyrðum sem grein er gerð fyrir í úrskurðarorði." Þar segir:

"Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 24. október 2001 er staðfestur með eftirtöldum breytingum:




SUNNLENSK ORKA

Sunnlensk orka ehf. var stofnuð af RARIK og Eignarhaldsfélagi Hveragerðis og Ölfuss hinn 11. ágúst 1999.
Eignarhlutur RARIK er 90%.



HÉRAÐSVÖTN

Héraðsvötn ehf. voru stofnuð af RARIK og Norðlenskri orku ehf. hinn 30. apríl 1999.
Eignarhlutur RARIK er 75%.



Skilyrði 1 orðast svo: Virkjunin verði gerð fiskgeng með lagningu hliðarlækjar eða á annan fullnægjandi hátt í samráði við veiðimálastjóra. Við bætist 4. skilyrði: Framkvæmdaraðili skal vakta og fylgjast með breytingum á strandlínunni í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir að virkjunarframkvæmdir eru hafnar.”

Vinna þarf deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu og sækja um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi. Þegar deiliskipulag hefur tekið gildi geta sveitarstjórnirnar veitt byggingar- og framkvæmdarleyfi á grunni þess.

ÖNNUR VIRKJANAÁFORM

Auk virkjunar við Villinganes og í Grændal, er unnið að rannsóknum og frumhönnun á virkjanakostum í Hólmsá og Skaftá í samstarfi við Landsvirkjun. Þá er vert að nefna að skapast hafa nýir stækkunarmöguleikar á Lagarfossvirkjun með tilkomu Kárhnjúkavirkjunar, vegna aukins rennslis í Lagarfljóti. Er áætlað að unnt verði að þrefalda afköst virkjunarinnar með um 18 MW stækkun, eða sem nemur 130 GWh aukningu í orkuvinnslu á ári.

Þess má geta að Rafmagnsveiturnar hafa allt frá árinu 1975, eða í aldarfjórðung, staðið að rannsóknum á áhrifum vatnsborðsbreytinga vegna Lagarfossvirkjunar á gróður. Rannsóknarreitirnir eru á níu láglendissvæðum með fljótinu frá Dagverðargerði í norðri að Klausturnesi í suðri.

Vettvangsskoðun við Hólmsá.



Ársreikningur RARIK 2002

Efnisyfirlit

Áritun stjórnenda	24
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26 - 27
Sjóðstreymi	28
Skýringar	29 - 34

ÁRITUN STJÓRNENDA

Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskila-aðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstartekjur Rafmagnsveitnanna 5.818 millj. kr. á árinu. Hagnaður af rekstri nam 110 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Rafmagnsveitnanna 15.344 millj. kr. í árslok. Eigið fé í árslok nam 10.860 millj. kr. Eiginfjárlutfall er 70,8%.

Arðgreiðsla til ríkissjóðs á árinu 2002 nam 214 millj. kr.

Rafmagnsveitustjóri og framkvæmdastjóri stjórnáslusviðs Rafmagnsveitna ríkisins staðfesta hér með ársreikning veitnanna fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. mars 2003



Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri



Eiríkur Briem
framkvæmdastjóri stjórnáslusviðs

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Rafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 21. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Rafmagnsveitnanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rafmagnsveitnanna á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 21. mars 2003



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi

	Skýr.	2002	2001
Rekstrartekjur			
Orkusala til notenda.....	19	4.631.489	4.213.193
Raforkusala til almenningsveitna.....		675.873	736.317
Tengigjöld.....		249.108	149.207
Framlag úr ríkissjóði.....	17	150.000	169.000
Aðrar rekstrartekjur.....		111.312	98.728
Rekstrartekjur		<u>5.817.782</u>	<u>5.366.445</u>
Rekstrargjöld			
Orkuöflun.....	20	3.116.900	2.977.411
Orkuflutningur.....		130.046	110.730
Orkudreifing.....		364.961	309.679
Orkuafhending.....		273.772	233.123
Sameiginlegur kostnaður.....		752.230	724.402
Rekstrargjöld		<u>4.637.909</u>	<u>4.355.345</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.179.873	1.011.100
Afskriftir.....	7,12	<u>1.156.128</u>	<u>1.053.126</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsgjalda		23.745	(42.026)
Hrein fjármagnsgjöld	21	<u>85.819</u>	<u>(337.681)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>109.564</u>	<u>(379.707)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Viðskiptavild, langtímakostnaður.....	5, 11	149.204	168.116
		<u>149.204</u>	<u>168.116</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Virkjanir.....	12	1.788.370	1.872.848
Dísilstöðvar.....		158.677	172.247
Fjarvarmaveitur.....		73.762	72.441
Aðalorkuveitur.....		4.177.361	4.254.588
Dreifiveitur.....		6.309.611	6.333.217
		<u>10.719.411</u>	<u>10.832.493</u>
Aðrir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir.....		863.640	882.087
Áhöld og tæki.....		86.906	89.838
Bífreiðar og vinnuvélar.....		140.501	133.238
		<u>1.091.047</u>	<u>1.105.163</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	<u>13.598.828</u>	<u>13.810.504</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum.....	13	95.541	93.790
Fastafjármunir		<u>13.843.573</u>	<u>14.072.410</u>
Veltufjármunir			
Birgðir			
Efnis- og rekstrarvörubirgðir.....	8	430.400	409.802
Skammtímakröfur			
Orku kaupendur.....		760.032	854.377
Aðrar skammtímakröfur.....		301.094	203.707
		<u>1.061.126</u>	<u>1.058.084</u>
Handbært fé.....		8.453	3.009
Veltufjármunir		<u>1.499.979</u>	<u>1.470.895</u>
Eignir alls		<u><u>15.343.552</u></u>	<u><u>15.543.305</u></u>

	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Stofnframlag.....		2.082.570	2.082.570
Varasjóður.....		312.036	312.036
Óráðstafað eigið fé.....		8.465.407	8.569.843
Eigið fé	14	<u>10.860.013</u>	<u>10.964.449</u>
Skuldir			
Langtímalán			
Skuldabréfalán.....	15	<u>3.478.969</u>	<u>3.068.352</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnanir.....		200.000	725.957
Viðskiptaskuldir.....		488.225	461.504
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	15	169.313	190.997
Aðrar skammtímaskuldir.....		147.037	132.046
		<u>1.004.575</u>	<u>1.510.504</u>
Skuldir samtals		<u>4.483.539</u>	<u>4.578.856</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>15.343.552</u></u>	<u><u>15.543.305</u></u>

Sjóðstreymi

	Skýr.	2002	2001
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins.....		109.564	(379.707)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og gjaldfærsla óefnislegra eigna.....	12	1.156.128	1.053.126
Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna verðlagsbreytinga.....	2	0	(207.475)
Verðb. og gengism. af langt.skuldum og -kröfum.....	3	(209.451)	400.013
Söluhagnaður eigna.....		(3.454)	(488)
		<u>1.052.787</u>	<u>865.469</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		18.068	2.016
Handbært fé frá rekstri		<u>1.070.855</u>	<u>867.485</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:	6		
Virkjanir.....		(7.607)	(16.515)
Fjarvarmaveitur.....		(4.417)	(191)
Aðalorkuveitur.....		(264.592)	(214.679)
Dreifiveitur.....		(568.432)	(663.630)
Fasteignir og lóðir.....		(6.112)	(16.744)
Áhöld, bifreiðar og vinnuvélar.....		(73.442)	(80.453)
Byggingarreikn. millif. á aðrar fjárfestingar.....		(16.046)	(274)
Viðskiptavild.....		0	(129.717)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		18.561	4.056
Eignarhlutir.....		(1.751)	(33.800)
		<u>(923.838)</u>	<u>(1.151.947)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Arður til ríkissjóðs.....	17	(214.000)	(212.000)
Tekin ný langtímalán.....		776.436	0
Greiddar afborganir langtímalána.....		(178.052)	(181.575)
Skammtímalán (lækkun).....		(525.957)	660.957
		<u>(141.573)</u>	<u>267.382</u>
Breyting á handbæru fé		5.444	(17.080)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>3.009</u>	<u>20.089</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>8.453</u>	<u>3.009</u>

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringu 2 um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Ákveðið hefur verið að hætta að færa áhrif verðlagsbreytinga á reikningsskilin og er það í samræmi við lög nr. 133/2001 um breytingar á lögum um ársreikninga. Varanlegir rekstrarfjármunir sem áður voru endurmetnir miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu eru nú færðir á kostnaðarverði. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði í stað endurmetins kostnaðarverðs og tekjur vegna verðlagsbreytinga eru ekki lengur færðar í rekstrarreikning. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferð og á síðasta ári hefði hagnaður orðið 43 millj. kr. hærri.

Erlendir gjaldmiðlar, verðtrygging

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2003.

Skammtímakröfur

4. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftasjóður til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Óefnislegar eignir

5. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptri viðskiptavild sem er færð til gjalda á tíu árum og langtímakostnaði sem færður er til gjalda á fjórum árum.

Eignarhlutir í félögum

6. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan endingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður endingartími greinist þannig:

Virkjanir	40 ár
Veitukerfi	15 - 30 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 50 ár

Birgðir

8. Efnisbirgðir eru metnar á innkaupsverði

Handbært fé

9. Til handbærs fjár teljast óbundnar innistæður á bankareikningum.

Sundurliðanir:

10. Afskriftasjóður

	2002	2001
Afskriftasjóður frá fyrra ári.....	59.066	63.778
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu.....	(18.835)	(24.356)
Framlag í afskriftasjóð, gjaldfært á árinu.....	13.031	19.644
	<u>53.262</u>	<u>59.066</u>

11. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Langtímakostn.	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	154.116	14.000	168.116
Afskrifað á árinu	(15.412)	(3.500)	(18.912)
	<u>138.704</u>	<u>10.500</u>	<u>149.204</u>

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, bókfært verð þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2002.....	6.533.015	31.113.371	2.536.459	40.182.845
Viðbót á tímabilinu.....	7.352	837.070	96.225	940.647
Selt og niðurlagt á árinu.....	(4.956)	(1.006.682)	(70.735)	(1.082.373)
Heildarverð 31.12.2002.....	<u>6.535.411</u>	<u>30.943.759</u>	<u>2.561.949</u>	<u>40.041.119</u>
Afskrifað áður.....	4.660.167	20.280.878	1.431.295	26.372.340
Afskrifað á árinu.....	91.334	667.934	93.883	853.151
Sérstök afskrift.....	0	139.000	0	139.000
Afskrift færð út.....	(4.460)	(863.464)	(54.276)	(922.200)
Afskrifað samtals.....	<u>4.747.041</u>	<u>20.224.348</u>	<u>1.470.902</u>	<u>26.442.291</u>
	<u>1.788.370</u>	<u>10.719.411</u>	<u>1.091.047</u>	<u>13.598.828</u>
Afskriftahlutföll	2,5%	3,3 - 6,7%	2-20%	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	853.151
Niðurlagðar eignir.....	145.065
Sérstök afskrift v/dreifikerfa, sbr. skýr. 17.....	139.000
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýr. 11.....	18.912
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir.....	<u>1.156.128</u>

13. Áhættufé í félögum

Á árinu var aukið hlutfé í Softu ehf. 500 þús. kr. Keyptir voru eignarhlutir í Exigo ehf. að fjárhæð 1.251 þús. kr.

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Bókfært verð
Héraðsvötn ehf.	75,0%	30.000
Sunnlensk orka ehf.	90,0%	45.000
Íslensk orka ehf.	2,3%	2.990
Netorka hf.	16,3%	9.800
Softa ehf.	4,1%	5.500
Sjávarorka ehf.	16,7%	1.000
Exigo ehf.	25,0%	1.251
Samtals		<u>95.541</u>

Eigið fé

14. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnframlag	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 2002.....	2.082.570	312.036	8.569.843	10.964.449
Arður til ríkissjóðs, sbr. skýringu 17	0		(214.000)	(214.000)
Hagnaður skv. rekstrarreikningi.....	0		109.564	109.564
Eigið fé 31.12.2002.....	<u>2.082.570</u>	<u>312.036</u>	<u>8.465.407</u>	<u>10.860.013</u>

Langtímaskuldir

15. Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör

	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í íslenskum krónum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.....	5%	<u>1.516.904</u>
Samtals		<u>1.516.904</u>
 Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		
NIB Lán í Eur.....	3,53%	756.836
NIB Lán í Eur.....	3,27%	124.251
NIB Lán í Eur.....	3,15%	83.448
NIB Lán í Eur.....	3,35%	644.448
NIB Lán í JPY.....	0,20%	44.829
NIB Lán í USD.....	1,61%	52.347
NIB Lán í USD.....	1,95%	133.584
NIB Lán í USD.....	2,07%	291.635
Samtals		<u>2.131.378</u>
 Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....		3.648.282
Næsta árs afborganir.....		(169.313)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		<u>3.478.969</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2002 en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2003.....	169.313
Afborganir 2004.....	308.070
Afborganir 2005.....	310.318
Afborganir 2006.....	287.450
Afborganir 2007.....	251.015
Síðar.....	<u>2.322.116</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>3.648.282</u>

Önnur mál

16. Á árinu 1989 gerðu Ríkissjóður Íslands og Rafmagnsveiturnar með sér samning um sérstakar ráðstafanir vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins. Í því sambandi var RARIK afhent skuldaviðurkenning sem gefin var út af Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1985, upphaflega að fjárhæð 914 millj. kr. sem greiðist á þrjátíu árum sem ákveðið hlutfall af orkusölu á Suðurnesjum. Skuldaviðurkenning þessi er ekki færð í efnahagsreikning, en greiðslur vegna hennar eru tekjufærðar í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna þessarar skuldaviðurkenningar námu 78,7 millj. kr. á árinu 2002 og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi. Í árslok 2002 námu eftirstöðvar nafnverðs skuldbindingarinnar 681,6 millj. kr.
17. Fjárlög ársins 2002 gera ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins greiði 214 millj. kr. í arð til ríkissjóðs og var arðgreiðslan færð til lækkunar á eigin fé fyrirtækisins. Á árinu 2002 námu framlög ríkissjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins 150 millj. kr. sem skiptust þannig að til sveitarafveitna var ráðstafað 139 millj. kr., og til rannsóknar- og þróunarverkefna 11 millj. kr.

Sundurliðanir

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2002	2001
Laun.....	921.203	881.021
Launatengd gjöld.....	119.554	106.077
Áunnið orlof, breyting.....	12.414	12.276
	<u>1.053.171</u>	<u>999.374</u>
Lífeyrisskuldbinding.....	33.124	31.206
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.086.295</u>	<u>1.030.580</u>

Laun vegna rekstrar námu 747 millj. kr. og vegna nýframkvæmda sem eru færðar til eignar í efnahagsreikningi 174 millj. kr. Ársverk samtals voru 220 en 218 árið á undan. Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar námu samtals 23,2 millj. kr. á árinu 2002.

Hjá fyrirtækinu eru í gildi þrjár starfslokasamningar. Eftirstöðvar þessara samninga námu 12,5 millj. kr. í árslok.

19. Sala á orku til notenda nam 4.650 millj. kr. á árinu 2002 og hefur þá verið áætlað fyrir óreikningsfærðri sölu vegna orkuviðskipta notenda á tímabilinu frá síðustu reikningsútskrift og til ársloka. Orkusala til notenda greinist þannig:

	2002	2001
Raforkusala til notenda.....	4.063.396	3.575.002
Niðurgreiðslur.....	510.944	488.052
Áætl. óreikn. f. orkusölu í árslok, breyting.....	(111.001)	(9.721)
	<u>4.463.339</u>	<u>4.053.333</u>

	2002	2001
Heitavatnssala til notenda.....	139.735	123.062
Niðurgreiðslur.....	35.808	34.350
Áætl. óreikningsfærð vatnssala, breyting.....	(7.393)	2.448
	<u>168.150</u>	<u>159.860</u>
Orkusala til notenda samtals	<u>4.631.489</u>	<u>4.213.193</u>

20. Kostnaður við orkuöflun greinist þannig:

Landsvirkjun.....	2.879.956	2.754.215
Andakílvirkjun.....	95.155	92.908
Sleitustaðavirkjun.....	3.030	2.304
Aðrar virkjanir.....	140	0
Varaaflossala.....	(1.507)	(2.056)
	<u>2.976.774</u>	<u>2.847.371</u>
Eigin vatnsorkuver.....	87.557	87.514
Eigin dísilrafstöðvar.....	20.714	13.566
Eigin kyndistöðvar.....	14.402	15.533
Eigin borholur.....	6.709	5.910
Rekstur stjórnstöðvar.....	10.744	7.517
	<u>140.126</u>	<u>130.040</u>
Kostnaður af orkuöflun samtals	<u>3.116.900</u>	<u>2.977.411</u>

21. Hrein fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur.....	50.118	40.771
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(204.842)	(308.575)
Gengismunur.....	240.542	(277.352)
Reikn. tekjur vegna verðlagsbreytinga.....	0	207.475
	<u>85.818</u>	<u>(337.681)</u>

Kennitölur

	2002	2001
Veltufjárlutfall		
Veltufjármunir/skammtímaskuldir.....	1,49	0,97
Eiginfjárlutfall		
Eigið fé/heildarfjármagn.....	0,71	0,71

THE COMPANY

RARIK was founded in 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main task is to procure, transmit, distribute and sell electricity in its operating area and thus promote and create added value to its customers. Today, the company sees to all transmission and distribution throughout its distribution area, delivering electricity directly to consumers and also to municipal utilities on a wholesale basis. Its distribution network covers about 80-90% of inhabited areas of Iceland and serves approximately 17% of the population. The number of RARIK employees at the end of 2002 was 220.

COMPANY EVOLUTION

In recent years RARIK's operations have changed considerably. The company has transposed from being in its early years primarily a construction project company, into an operating company and then into a marketing oriented service company. The new energy legislation in Iceland, issued by the parliament in March 2003, heralds yet a new phase in the company's evolution into a future of a more competitive and business oriented environment. This will have great impact on the future organisation of the Icelandic electricity market as it will become more liberalised and market oriented with increased emphasis on competition in electricity production and sales and highly regulated in the fields of transmission and distribution. This will also have great influence on the internal organisation of the company as it has to unbundle its accounts to fulfill the requirement of the regulator. The new legislation will come into effect on the 1st. of July 2003.

GENERATION, PURCHASE AND SALES OF ELECTRICITY

Own generation of electricity, about 14% of total supplies for the year, was almost entirely derived from hydropower plants. The bulk of the electricity purchased is supplied from Landsvirkjun, The National Power Company (Table 2). Sales of energy, shown in table 3, are sales of electricity (wholesale supplies to other utilities and retail sales directly to customers) and sales of hot water from heating and geothermal plants.

RARIK owns 9 small hydropower plants, with a total capacity of 18.8 MW that produced 135 GWh in 2002, and several diesel plants, mostly used as reserve power source, with a capacity of 40 MW. Two heating plants producing hot water in two municipalities which do not have access to geothermal energy use temporary electric power and oil to heat the water which is distributed through district heating system to the customers. The production of RARIK's own geothermal plant was approx. 26 GWh in 2002. Now there are three hydropower and one

TABLE 4 - Employees

<i>Number of employees at the end of year</i>	2001	2002
Headq. in Reykjavík	55	55
West region	32	33
Northwest region	27	31
Northeast region	28	27
East region	51	49
South region	26	25
Total	219	220

TABLE 1 - THE FIVE RARIK REGIONS

	West	North-west	North-east	East	South	RARIK
Population	8.927	9.213	8.638	11.130	11.056	48.964
Consumer connections	4.812	4.081	3.719	4.874	6.674	24.160
Retail sales, GWh	135	121	138	259	172	744
Retail sales per capita, kWh	15.119	13.104	15.922	23.284	15.570	16.839
High tension systems, km	1.892	1.333	1.481	1.644	2.192	8.542



TABLE 2 - ENERGY SUPPLY IN MWH

	2001	Share	2002	Share	Incr.
Electricity purchase	975.273	85,9%	1.005.448	86,0%	3,1%
Own production	159.785	14,1%	163.734	14,0%	2,5%
Total	1.135.058	100,0%	1.169.182	100,0%	3,0%

TABLE 3 - ENERGY SALE IN MWH

	2001	Share	2002	Share	Incr.
Sale of electricity	990.523	95,3%	1.033.962	95,4%	4,4%
Hot water, retail sales	47.338	4,7%	49.308	4,6%	1,8%
Total energy sales	1.038.960	100,0%	1.083.270	100,0%	4,3%

geothermal power projects under consideration and feasibility studies seems to be promising.

FINANCES

RARIK's operating performance was positive in many ways in the year 2002. The financial results improved greatly from 2001, due mainly to favourable exchange rate development and increased efficiency in operation. Operating revenues for the year 2002 amounted to ISK 5.8 billion in 2002, compared to ISK 5.4 billion in 2001, an increase by 8.4%. Operating expenses increased proportionally less than the revenues, or from ISK 4.4 billion in 2001 to ISK 4.6 billion in the year 2002, an increase of 6.4%.

Capital earned by company operations, i.e. operating profit before depreciation, taxes and financial items (EBITDA), thus increased proportionally rather more than the turnover, or from ISK 1.0 billion in 2001 to almost ISK 1.2 billion in the year 2002, corresponding to an increase of 16.7%.


Depreciation in 2002 totalled at ISK 1.2 billion, an increase from 2001 by ISK 103 million. The main explanation for this increase can be attributed to a special effort in 2002 to remove from the asset base transportation and distribution lines no longer in operation.

RARIK's profit before financial costs was ISK 24 million in 2002, as opposed to a loss in 2001 of ISK 42 million. Financial costs change greatly between the two years. In the year 2002 this sum was positive or ISK 86 million, as opposed to a negative sum in 2001 of ISK 338 million. The difference amounts to ISK 424 million and largely explains the overall improved performance between the years. The reason is the strengthened exchange rate of the Icelandic krona in 2002, as the exchange rate difference due to debts in foreign currencies was positive by ISK 241 million in the year 2002, but was negative by ISK 277 million in 2001.

Net profit thus amounted to ISK 110 million in the year 2002, compared to a net loss of ISK 380 million in 2001.

Total assets at the end of the year 2002 amounted to ISK 15.3 billion and equity amounted to ISK 10.9 billion, the equity ratio at the end of 2002 being 71%.

UMDÆMASKIPTING REGIONAL DIVISIONS



SKAMMSTAFANIR

kV	=	kilóvolt
kW	=	kilóvatt
MW	=	megavatt = 1.000 kW
kVA	=	kilóvoltamper
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA
kWh	=	kilóvattstund
MWh	=	megavattstund = 1.000 kWh
GWh	=	gígavattstund = 1.000 MWh = 1.000.000 kWh
TWh	=	teravattstund = 1.000 GWh = 1.000.000.000 kWh
GL	=	gígalítrar = 1.000 megalítrar = 1.000.000 kílólítrar (tonn)
mkr	=	milljón krónur
h	=	klukkustund
EVJ	=	háspennulína með einum vír
TV	=	tveggja víra lína
PV	=	þriggja víra lína
LV	=	Landsvirkjun

mkr	=	million icelandic crowns
h	=	hour
EVJ	=	one wire line (earth return)
TV	=	two wire line
PV	=	three wire line
RARIK	=	Iceland State Electricity



Útgefandi (Published by):

RARIK

Rauðarárstígur 10

Sími(Telephone): 528 9000

Fax: 528 9009

Netfang: rarik@rarik.is


www.rarik.is

Ábm: Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri
Umsjón með gerð ársskýrslu: Stefán Arngrímsson
Hönnun og umbrot: Stefán Arngrímsson

Prentun: Hjá GuðjónÓ

Ljósmyndir:

Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Emil Þór Sigurðsson,
Myndrún ehf og ýmsir starfsmenn RARIK



RARIK
lifandi afl

RAFMAAGNSVEITUR RÍKISINS • WWW.RARIK.IS

